



2. Árg. 4 tbl. maí 2022

Auglýsing um kosningar til sveitarstjórnar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem fram fara laugardaginn 14. maí 2022

**Kjörstaður verður í Þjórsárskóla í Árnesi
Kjölfundur hefst kl. 10.00 og lýkur kl. 22.00**

Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd og framvísa ef þess er óskað.

Atkvæði verða talin á sama stað, strax að kjölfundi loknum.

Athygli er vakin á því að hægt er að kjósa utan kjölfundar á öllum sýsluskrifstofum landsins. Sýsluskrifstofan á Selfossi, Hörðuvöllum 1, er opin alla virka daga frá kl. 9.00 – 15.00

Kjörskrá fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi. Skrifstofan er opin mánudaga- fimmtudaga kl. 9.00 - 12.00 og 13.00 - 14.00 og föstudaga 9.00-12.00

Bendum á vefinn kosning.is en þar er hægt að finna ýmsar upplýsingar er varðar kosningarnar.

Kjörstjórn:
Helga Kolbeinsdóttir, Helga Guðlaugsdóttir og Þuríður Jónsdóttir

**Local elections in Skeiða-og
Gnúpverjahreppur are to be held Saturday
May 14th. 2022**



**Polling station is in Þjórsárskóli in Árnes. It will be open
between 10:00 and 22:00**

Voters need to be able to prove one's identity with an identity document (with a photograph, f.ex. passport, driving licence or ID card).

Votes will be counted at the same place after polling station is closed.

Pre-election voting takes place at the district commissioners' offices. The commissioner's office in Selfoss is at Hörðuvellir 1, open from 9.00 to 15.00 every weekdays.

The electoral roll is accessible at the office of the municipality in Árnes at the usual opening hours: Monday to Thursdays at 9.00 – 12.00 and 13.00 - 14.00 and Fridays at 9.00 to 12.00.

All Danish, Swedish, Finnish and Norwegian nationals have the right to vote in the elections from the day you have registered resident here.

Other foreign nationals after three consecutive years of legal residence. For the elections on 14th of May 2022 this will mean that you must have been a resident since before 14th may 2019.

For further information about your rights, where to vote, how to vote and more - in many languages: www.mcc.is

The local electoral commission:
Helga Kolbeinsdóttir, Helga Guðlaugsdóttir og Þuríður Jónsdóttir

Maí opnun í sundlaugum sveitarfélagsins

Neslaug

Miðvikudaga kl. 17.00 - 22.00

Laugardaga kl. 13.00 - 18.00

Sunnudaga kl. 13.00 - 18.00

Skeiðalaug

Mánudaga kl. 18.00 – 22.00

Fimmtudaga kl. 18.00 –
22.00

Unglingavinna í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Ungmennum, með lögheimili í Skeiða-og Gnúpverjahreppi, sem fædd eru 2007-2008 gefst kostur á að starfa í vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar. Vinnuskólinn hefst 7. júní og stendur til og með 4. ágúst. Unnið er fjóra daga í hverri viku, mánudaga-fimmtudaga frá kl. 8 – 14. Miðað er við að hvert barn taki viku frí, samfleytt, á tímabilinu. Heitur matur er framreiddur í hádeginu en koma þarf með nesti á kaffitíma fyrir hádegis. Skráningarfrestur er til 20. maí. Skráning þarf að berast á netfangið skeidgnup@skeidgnup.is Hámarksfjöldi starfsfólks í vinnuskólanum eru 8 manns í einu. Ef fjöldi starfsfólks fer yfir þann fjölda verður starfstíminn skipulagður með það í huga.

Íbúafundur um ársreikning sveitarfélagsins

Ársreikningur Skeiða og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2021 verður tekinn til seinni umræðu sveitarstjórnar miðvikudaginn 11. maí nk. Hann verður svo kynntur á opnum íbúafundi í Félagsheimilinu Árnesi kl. 20 sama dag

Dagskrá fundarins:

- 1) Ársreikningur Skeiða-og Gnúpverjahrepps 2021 kynntur
- 2) Önnur mál

Sveitarstjórn

Til upplýsinga vegna breytinga í fjallskilareglugerð.

Gerðar hafa verið breytingar í fjallskilareglugerð Árnassýslu austan vatna. Var breytingin unnin af fulltrúum sveitarstjórna á því svæði er reglugerðin nær yfir auk fulltrúa úr fjallskilaneftndum sveitanna. Reglugerðin hefur farið fyrir fund Héraðsnefndar Árnassýslu og verið samþykkt þar og er nú hjá Landbúnaðarráðuneytinu til yfirlits og undirskriftar. Verði reglugerðin samþykkt þar og undirrituð mun hún birt í heild sinni inn á vef Landsmarkaskrárinnar. Meðal breytinga er tilfærsla á aðalréttardegi Skaftholtsréttta, Reykjarétta og Hrunaréttta. Hér má sjá klausuna um aðalréttadaga á svæðinu í nýrri reglugerð.

Aðalréttir skulu fara fram að fjallsafni loknu sem hér segir:

Fyrir Þingvallasveit austan vatna og girðinga, Laugardal og Grímsnes: Kringlumýrarrétt á laugardegi í 36. viku.

Fyrir Grímsnes: Klausturhólaréttir á mánudegi í 37. viku.

Fyrir Laugardal: Laugarvatnsrétt á sunnudegi í 37. viku.

Fyrir Biskupstungur: Tungnaréttir á laugardegi á tímabilinu 8. – 14. september.

Fyrir Hrunamannahrepp: Hrunaréttir á föstudegi á tímabilinu 7. – 13. september.

Fyrir Gnúpverja: Skaftholtsréttir á föstudegi á tímabilinu 7. – 13. september.

Fyrir Flóa og Skeið: Reykjaréttir á laugardegi á tímabilinu 8. – 14. september.

Afréttarmálanefnd.

E-listi, Uppbyggingar X-E



1. sæti
Gunnar Örn
Marteinnsson



2. sæti
Sigríður Björk
Gylfadóttir



3. sæti
Hannes Ólafur
Gestsson



4. sæti
Kristjana Heyden



5. sæti
Guðmundur Arnar
Sigrússon



6. sæti
Atli Eggertsson



7. sæti
Sigríður Björk
Marinósdóttir



8. sæti
Rákel Þórarinsdóttir

9. sæti
Karen Kristjana
Ernstsóttir



10. sæti
Páll Ingi Árnason

X-E
Gerum gott samfélag betra!



1.sæti
Haraldur



2.sæti
Vilborg



3.sæti
Bjarni



4.sæti
Andrea



5.sæti
Gunnhildur



6.sæti
Vilmundur



7.sæti
Ísak



8.sæti
Bjarki



9.sæti
Haraldur



10.sæti
Birna

xL

Kæri kjósandi.

Á laugardaginn þá kjósum við um það hverjum við treystum fyrir því mikilvæga verki að bæta samfélagið sem við búum í. Það er mikilvægt að við veljum fólk sem hefur framtíðarsýn, fólk sem hefur kjark til að taka þær ákvarðanir sem þarf til að bæta þjónustu og efla byggð. Við höfum boðið fram krafta okkar til þess að leiða sveitina okkar inní framtíðina.

Við þurfum að nýta tækifærin og láta verkin tala og þess vegna sækjumst við eftir stuðningi ykkar.

Framl jóðendur Samvinnulistans

Miðfellshlaupið

Þann 28. maí kl. 11 fer fram Miðfellshlaupið svokallaða. Hlaupið er frá íþróttahúsinu á Flúðum. Þar er boðið upp á göngu, skokk og hlaupaleiðir og getur þú valið milli 3, 5 eða 10 km leið. Í ár göngum og skokkum við til styrktar Kvennaathvarfinu.




Eins og í fyrra þá liggur leiðin á milli íþróttahússins á Flúðum og Miðfellshverfisins og verður farið eftir reiðleiðum og malarvegum sem eru fjarri þjóðvegi. Nánari upplýsingar má finna undir viðburðir á fésbókarhópnum Heilsueflandi Uppsveitir. Hér skiptir hraðinn ekki máli heldur það að taka þátt, bæta heilsu sína um leið og við styrkjum gott málefni.

Verið velkomin! ☺

Hjólamarkaður í uppsveitunum

Þann 28. maí verður haldinn markaður fyrir notuð hjól við íþróttahúsið á Flúðum. Það er um leið og Miðfellshlaupið verður haldið. Ef þú ert með hjól sem ekki er lengur notað og mætti gagnast nýjum eigenda í sumar þá er þetta staðurinn til að gefa eða selja það áfram.



Frá kl. 10 um morguninn getur fólk komið með hjól og í boði verða merkimiðar þar sem viðkomandi getur skrifað verð, til dæmis ókeypis eða einhverja krónutölu og síðan nafn og símanúmer.

Viðskiptin fara fram beint á milli manna. Hjólin eru á ábyrgð eigenda síns og þau sem ekki seljast þarf að sækja aftur kl. 12:30.

Athugasemdir vegna umfjöllunar í Gauknum um íbúafundinn 8. mars síðastliðinn.

Að gefnu tilefni vilja Sól á Suðurlandi og Ungsól gera nokkrar athugasemdir við fréttatilkynningu í Gauknum í mars síðastliðinn, þar sem fjallað var um íbúafund í Árnesi vegna Hvammsvirkjunar sem fram fór 8. mars.

Við teljum að í fréttatilkynningunni hefði átt að nefna að fram komu á fundinum miklar efasemdir og gagnrýni á fyrirhugaða virkjun frá fundargestum í sal, þ.e. ýmsum íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps og fleirum sem telja sig eiga hagsmuna að gæta. Halda hefði átt því til haga í tilkynningunni að þegar orðið var laust komu margar spurningar úr sal og af þeim spunnust kröftugar umræður.

Okkur finnst sömuleiðis áriðandi að vekja athygli á að þegar íbúafundinum lauk var ýmsum mikilvægum spurningum úr sal ósvarað. Gaf fulltrúi Landsvirkjunar, n.t.t. Kristín Linda Árnadóttir aðstoðarforstjóri, loforð um að svörin við þeim yrðu send í tölvupósti. Nú er liðin rúm vika af maí, þ.e. tveir mánuðir frá íbúafundinum, og enn hafa engin svör borist frá Landsvirkjun, þrátt fyrir að sveitarstjórnarskrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps og fleiri aðilar hafi mörgum sinnum ítrekað beiðnir sínar til Landsvirkjunar um að svara.

Þetta er í þversögn við að á íbúafundinum tjáði aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar fundargestum sérstaklega hversu annt henni væri um að eiga samtal við íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, en það tiltók hún oftast en einu sinni.

Á íbúafundinum voru birtar glærur frá Landsvirkjun og tölvugerðar ljósmyndir sem sýna Þjórsá og umhverfi hennar á móts við Þverá þegar búið væri að sökkva því ásamt Hagaey í jökullón. Um var að ræða nýjar myndir, teknar nær Þjórsá en þær sem áður hafa birst. Það hefði farið vel á því að sveitarstjórnarskrifstofan hefði beðið Landsvirkjun um að fá myndirnar sendar og síðan birt þær á skeidgnup.is, svo allir sem ekki gátu verið á íbúafundinum gætu virt þetta fyrir sér og myndað sér skoðun. Við teljum raunar að úr því

slíkar myndir eru til, þá sé sveitarstjórn ekki stætt á öðru en að hafa þær aðgengilegar, þ.e. sýnilegar.

Við undirstrikum að fyrri umfjöllun í Gauknum um fundinn gaf að okkar mati ekki rétta mynd af því hvaða snið var á umræðunum þar. Því dagljóst er, miðað við þá miklu gagnrýni sem fyrirhuguð Hvammsvirkjun fékk í kjölfar spurninga úr sal, að sátt er ekki um Hvammsvirkjun í sveitarfélaginu, enda kostir hennar vægast sagt rýrir í roðinu fyrir sveitarfélagið miðað við skaðann og missinn sem hún ylli. Við bendum á að aðeins 1-2 störf til framtíðar eru í boði við umrædda virkjun, vestan megin Þjórsár, kannski, en það eru margfalt færri störf en svæðið gæfi af sér í ferðaþjónustu og landbúnaði, óraskað, um ókomin ár.

Sól á Suðurlandi og Ungsól

Ein af þeim spurningum sem ekki var svarað af hálfu Landsvirkjunar á íbúafundi í mars síðastliðinn er eftirfarandi spurning frá Kristínu Ásu Guðmundsdóttur frá Ásum, spurningin er hér birt að hennar ósk:

1. Vorið 2007 handsöluðu 3 ráðherrar vatnsréttindin í Þjórsá yfir til Landsvirkjunar. Það sumar og fram eftir hausti þrýsti Landsvirkjun mjög á landeigendur við Þjórsá að afsala sér landi undir virkjanir á þeim forsendum að hún ætti vatnsréttindin. Í desember 2007 hafði ríkisendurskoðun dæmt umrædda færslu vatnsréttinda ógilda. Þar sem Landsvirkjun átti raunverulega ekki vatnsréttindin árið 2007, eru þá samningar við landeigendur frá 2007 ekki líka sjálfkrafa ógildir sbr. lög nr. 7/1936, 30. og 31. grein?

2. Er Landsvirkjun bótaskyld gagnvart þeim landeigendum sem hún lét halda að samningsstaða þeirra væri lakari en hún var?

Leikholtsfréttir

Í mars byrjuðu tvö eins árs börn í leikskólanum og urðu þá börnin 43 talsins sem er fjöldamet í Leikholti.



Við í Leikholti enduðum veturinn á því að halda árshátíð í fyrsta skipti í tvö ár (*út af dottlu*) síðasta vetrardag. Foreldrar, systkini og aðrir tengdir börnunum komu að horfa á sýningu með börnunum og þáðu svo kaffi og með því ☺
Við þökkum öllum fyrir komuna.

Yngstu börnin, 1-2 ára, á Heklu sungu tvö lög með kennurum og foreldrum sínum upp á sviði: *Hristulagið* og *Hjólin á strætó*.

Börnin í Hestfjalli 2-4 ára sungu lagið um *litina* og *Við klöppum öll í einu*. Þau fluttu síðan leikritið *Pétur og úlfurinn* og sungu síðan lagið *Djúp og breið* og *Fimm litlir apar* með elstu deildinni Vörðufell.

Börnin í Vörðufelli fluttu síðan 3 leikrit eftir hópum:

- Fuglahópur (börn fædd 2018) flutti leikritið *Rauðhetta*
- Músagildruhópur flutti frumsamið leikrit: *Sagan um indíána, villidýrin og sjóræningja*
- Stóri Eldhópur flutti frumsamið leikrit sem heitir *Dýrin á Eldfjallaeyjunni*

Vörðufell söng síðan lögin *Klementínudans* og *Logn og blíða*.

Öll stóðu börnin sig vel í söng og leik. Undirbúningurinn fyrir árshátíðardaginn var gífurlegur, gera þurfti leikmynd, velja búninga og hlutverk, auk þess að æfa atriðin. Okkur þykir það afar skemmtileg hefð að ljúka vetrinum með svona flottri sýningu.



Við vorum svo heppin að Lionsklúbburinn Dynkur gaf okkur gjafabréf sem við nýttum vel og þökkum kærlega fyrir. Fram undan eru ýmis vorverk, setja niður kartöflur, sá fræjum, skoða lömbin, fara í gönguferðir um nágrennið okkar og læra um alls konar lífríki í náttúrunni okkar og ýmsa útileiki.

Við sendum ykkur ósk um gleðilegt sumar frá Leikholti.





xL

Kæri kjósandi.

Á laugardaginn þá kjósum við um það hverjum við treystum fyrir því mikilvæga verki að bæta samfélagið sem við búum í. Það er mikilvægt að við veljum fólk sem hefur framtíðarsýn, fólk sem hefur kjark til að taka þær ákvarðanir sem þarf til að bæta þjónustu og efla byggð. Ég hef boðið fram krafta mína til að starfa sem sveitarstjóri að kosningum liðnum og leiða þá vinnu sem framundan er. Við þurfum að nýta tækifærin og láta verkin tala og þess vegna sækist ég eftir þínum stuðningi.

Haraldu Þór Jónsson, Hraunvöllum



Þema ársins 2022 hjá Heilsueflandi Uppsveitum er geðrækt, andleg líðan og félagsleg virkni en geðrækt felst í því að efla aðstæður, færni og lífsvenjur sem stuðla að félags- og tilfinningalegri heilsu og vellíðan. Til þess að vita hvað íbúar vilja og hvað þá vantar til þess að efla geðheilsu sína fer fram þarfagreining í formi spurningakönnunar. Könnunin opnar 5. maí og verður opin til 15. maí, hún verður nafnlaus og órekjanleg. Verkefnið er samstarfsverkefni Heilsueflandi Uppsveita og Elmu Jóhannsdóttur sem er nemi í hagnýtri heilsueflingu við Háskóla Íslands.

Góða geðheilsu þarf að rækta en það er hægt að gera á svipaðan hátt og þegar fólk stundar daglega hreyfingu. Mikilvægt er að vera meðvituð um eigin geðheilsu og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Það getur verið misjafnt hvað, hver og einn þarf til að rækta geðheilsu sína.

Niðurstöðurnar verða nýttar til þess að bæta aðstæður í Uppsveitunum og koma til móts við þarfir íbúa en þær verða einnig notaðar í verkefni Elmu við Háskóla Íslands.

Hlekkinn má finna á heimasíðum sveitafélaganna og fésbókarsíðu Heilsueflandi Uppsveita.

Heilsueflandi Uppsveitir og Elma Jóhannsdóttir
elmajohanns@gmail.com

Hvað þarft þú til að efla þína geðheilsu?

Saman byggjum við upp Heilsueflandi samfélag!

Stóra upplestrarkeppnin

Við áttum góða ferð á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar. Arnór Ingi, Valgeir Örn og Jóhann Ívar tóku þátt fyrir hönd skólans og stóðu sig mjög vel. Gestirnir okkar sem fylgdu þeim voru sömuleiðis til fyrirmyndar.



Úrslitin í keppninni voru eftirfarandi:

- 1.sæti - Katrín Katla Guðmannsdóttir, Flúðaskóla
- 2.sæti – Karólína Þórbergsdóttir, Flóaskóla
- 3.sæti – Valgeir Örn Ágústsson, Þjórsárskóla



Litla upplestrarkeppnin

3.-4. bekkur hefur undanfarnar vikur verið að undirbúa sig fyrir Litlu upplestrarkeppnina sem fór síðan fram í skólanum 4 maí. Börnin buðu skólasystkinum sínum á afraksturinn, en þetta er góð æfing og undirbúningur fyrir upplestrarkeppnina í 7.bekk.



Árshátíðin okkar

Föstudaginn 29. apríl var árshátíðin okkar í Þjórsárskóla. Í ár var unnið með Indverskar þjóðsögur og ævintýri Kiplings. Halla Guðmundsdóttir skrifaði leikritið og leikstýrði.

Nemendur tóku virkan þátt í undirbúningi fyrir árshátíðina. Unnið var á stöðvum við að útbúa leikmynd, leikmuni, veggmyndir og búninga. Þá voru söngtextar og leikrit einnig æfð daglega.

Árshátíðin er skemmtilegt uppbrot á skólastarfi þar sem allir leggja sitt að mörkum og vinna saman. Við erum stolt af duglegu og hæfileikaríku nemendunum okkar sem lögðu sig fram og stóðu sig með stakri þrýði.



Karen Óskarsdóttir

1. Sæti

X-U

LOTI UNIVÉRSAL UNIVERSITET
OG UPPFÝRISUNAR



Menntun og atvinna: Grunnskólakennari með meistaraþróf í heilsuefningu og heimilisfræði.

Fjölskylduhagir: Gift Jóni Marteini Finnbogasyni, búfræðingi, saman eiga þau þrjár dætur.

Búseta: Minni - Mástunga

Stefnumál: Karen þykir mikilvægt fyrir samfélagið að börn geti sótt grunn- og leikskóla hér í sveitarfélaginu. Hún sér einnig tækifæri í því að efla íþrótt og tómstundastarf og vill ýta enn frekar undir þær stöðir sem eflt geti heilsu íbúa. Umhverfismál

Gerður Stefánsdóttir

2. sæti

X-U

LOTI UNIVÉRSAL UNIVERSITET
OG UPPFÝRISUNAR



Menntun og atvinna: Búfræðingur, meistaraþróf í vistfræði og diplóma í verkefnastjórnun. Verkefnastjóri umhverfis- og auðlindarannsóknna hjá Veðurstofu Íslands

Fjölskylduhagir: Í sambúð með Úlfari Gíslasyni, tveir synir og fjögur barnabörn.

Búseta: Réttarholt

Stefnumál: Gerður hefur þekkingu og reynslu af skipulags-, umhverfis- og auðlindamálum. Mikilvægt er að skýrir verkferlar, virkt samráð og fjölþætt greining leggi grunn að langtíma áætlunum og stefnum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að styrkja stöðir samfélagsins okkar fjölbreytta mannlífs til heilla.

Axel Árnason Njarðvík

3. sæti

X-U

LOTI UNIVÉRSAL UNIVERSITET
OG UPPFÝRISUNAR



Menntun og atvinna: Guðfræðingur. Seniorkandidat við C.G. Jung Institutet í Kaupmannahöfn, Héraðsprestur Suðurprófastsdæmis, Verkefnisstjóri umhverfismála Þjóðkirkjunnar.

Fjölskylduhagir: Kvæntur Sigþrúði Jónsdóttur náttúrufræðingi, tvö börn.

Búseta: Eystra-Geldingaholti

Stefnumál Axels er að eftirsótt sé að búa í sveitarfélaginu og að umhverfið og náttúran finni bandamenn í íbúum þess. Hann vill að komandi kynslóðir nái að horfa í þakklæti til okkar tíma fyrir að hafa ekki skaðað möguleika til lífsviðurværis.

Ingibjörg Sæunn Jónsdóttir

4. sæti

X-U

LOTI UNIVÉRSAL UNIVERSITET
OG UPPFÝRISUNAR



Menntun og atvinna : Líffræðinemi við Háskóla Íslands, og hefur lokið BA. í Frönskum fræðum og fjölmiðlafræði við HÍ

Fjölskylduhagir : Í sambandi

Búseta : Skeiðháholt 1

Stefnumál: Skynsamleg umgengni og nýting á náttúruauðlindum sem ganga út frá langtímasjónarmiðum.

Gunnþór Kristján Guðfinnsson

5. Sæti

X-U



Menntun og atvinna: Garðyrkjufræðingur, sérsvið lífræn ræktun matjurta. Forstöðumaður í Skaftholti

Fjölskylduhagir: Giftur Kristínu Ólöfu Þorvarðardóttur, eigum saman fjórar dætur og tvö barnabörn.

Búseta: Bjarkarlaut

Stefnumál: Umhverfismál og málefni fatlaðra eru Gunnþóri hugleikin

6. Sæti

X-U



Menntun og atvinna: BA í íslensku og uppeldis- og sálarfræði. Kennari og bóndi.

Fjölskylduhagir: Á eina dóttur 17 ára

Búseta Langamýri

Stefnumál: Umhverfis, skólamál og málefni eldri borgara eru efst á baugi.

Svanborg Rannveig Jónsdóttir

7. Sæti

X-U



Menntun og atvinna: Grunnskólakennari, meistara- og doktorspróf í uppeldis- og menntunarfræðum. Prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Fjölskylduhagir: Gift Valdimari Jóhannssyni bónda á Stóra-Núpi, þau eiga fimm börn og níu barnabörn.

Búseta: Stóri-Núpur I

Stefnumál: Náttúruvernd, sjálfbær nýsköpun, uppbygging atvinnu- og tómstundatekifera, málefni eldri íbúa, viðhald og efling skólastarfs í nærsamfélagi, vönduð og gegnsæ vinnubrögð í sveitarstjórn.

Anna María Flygenring

8. Sæti

X-U



Menntun og atvinna: Stúdent frá formálabraut M.R og búfræðingur frá Hvanneyri. Bóndi í Hlíð.

Fjölskylduhagir: Gift Tryggva Steinarsyni bónda í Hlíð.

Þrjár dætur og fimm barnabörn

Búseta: Hlíð

Stefnumál: Náttúruvernd, ræktun á viðum grundvelli, dýravelferð, skólar eru hjarta samfélagsins alls, velferð eldra fólks.

Klaas Stronks

9. Sæti

X-U



Menntun og atvinna: Búfræðingur með bachelorgráðu í búvísindum og hagfræði frá Landbúnaðarháskólanum í Dronten, Í Hollandi. Starfar sem bóndi.

Fjölskylduhagir: Giftur Helgu Hög Sigurðardóttur, dýralekni, þau eiga einn son.

Búseta: Hæli I

Stefnumál: Umhverfismál, landbúnaðarmál og skólamál eru Klaas sérstaklega hugleikin.

E-listi Uppbyggingar

Ágætu kjósendur í Skeiða-og Gnúpverjahreppi. Senn líður að sveitarstjórnarkosningum, í framboði eru þrír listar allir skipaðir vel hæfu fólki. Því er eðlilegt að fólk velti fyrir sér hvort einhverju máli skipti hver hlýtur þeirra atkvæði, en það skiptir miklu máli. Þeir sem koma til með að stjórna sveitarfélaginu næstu fjögur árin þurfa að gera það með framsýni að leiðarljósi þar sem lögð verður áhersla á jákvæða uppbyggingu í öllu sveitarfélaginu þar sem grípa þarf öll tækifæri sem upp koma en þó með það að leiðarljósi að ekki verði gengið á rétt almenninga að njóta þess að ferðast um almenninga í sveitarfélaginu. Við getum ekki sætt okkur við t.d. skert aðgengi almenninga að náttúruperlum í Þjórsárdal til að þjóna hagsmunum stórfyrirtækja, gæta verður þess að þar sé farin leið skynseminnar. Frambjóðendur E-lista er reynslumikið fólk sem hefur góða þekkingu á öllu sveitarfélaginu og hefur víðtæka reynslu á mörgum sviðum þar með talin sveitarstjórnarmálum. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að því fylgir mikil ábyrgð að fara með almannafé á þann hátt að það nýtist íbúunum sem best og jafnframt sé þess ævinlega gætt að eitt skuli yfir alla ganga.

Við erum afskaplega ánægð með að Sýlvía Karen Heimisdóttir núverandi sveitarstjóri skuli vera til í að halda áfram í því starfi eftir kosningar hljótum við til þess brautargengi. Það vita þau sem að sveitarstjórnarmálum hafa starfað að þar er að mörgu að huga og því getur fylgt mikil vinna og útsjónarsemi. Ef leggja á niður eða sameina störf í yfirstjórn sveitarfélagsins verður að fá aðra til þess að taka að sér aukna vinnu því einhver verður að sinna þeim störfum sem unnin eru.



Við bjóðum fram krafta okkar og biðjum um ykkar stuðning, ágætu kjósendur.

E-listi Uppbyggingar X-E

Frá umsjónarmanni Gauksins

Komið hefur fram réttmæt gagnrýni á fréttaf lutning í Gauknum af íbúafundi sem haldinn var um Hvammsvirkjun.

Eftir kynningu forsvarsmanna Landsvirkjunar komu vissulega fram fjöldi spurninga, ábendinga og gagnrýni á kynninguna, sem og fyrirhugaða framkvæmd og kynningu á henni hingað til.

Biðst umsjónarmaður blaðsins afsökunar á því að hafa ekki tekið það fram í frétt um fundinn. Því miður hefur starfsfólk sveitarfélagsins ekki undir höndum allar þær ræður, spurningar og athugasemdir enda var það starfsfólk Landsvirkjunar sem ætlaði að halda þeim til haga til að koma svörum til skila í gegnum miðla sveitarfélagsins og/eða heimasíðuna hvammur.landsvirkjun.is – sem þegar hefur verið auglýst. Þessar spurningar verða birtar á vegum sveitarfélagsins um leið og svör berast.

Eftir fundinn höfum við, starfsfólk sveitarstjórnarskrifstofu, þó ítrekað gengið eftir því að fá svör við ósvöruðum spurningum. Því miður höfum við ekki fengið neinum þeirra svarað hingað til.

Brönn Jónsdóttir
Umsjónarmaður Gauksins

Hvað á að gera við áburðarpokana?

Leiðbeiningum um meðferð tómrar áburðarpoka (stórsekkja) hefur verið breytt reglulega síðustu ár. Í ár er staðan sú að áburðarpokar eiga hvorki að fara í grænu tunnuna né saman við rúlluplast. Best er að gengið sé úr skugga um að þeir séu tómir og þeim troðið inn í hvern annan. Gámafélagið getur svo tekið þá með í sömu ferð og þeir sækja rúlluplastið næst.

Sameiginlegur framboðsfundur

Sameiginlegur fundur listanna þriggja sem bjóða fram í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verður haldinn í Árnesi, þriðjudaginn 10. maí kl. 20.00

Framboðin kynna þar stefnumál sín, fólkið á listanum og svara spurningum úr sal.

Joint candidacy meeting

A joint meeting of the three party lists on the ballot in Skeiða-og Gnúpverjahreppur will be held in Árnes on Tuesday, May 10th at 20.00

The candidates present their policies, the people on the list and answer questions.

